

Umhverfis- og skipulagssvið
Borgarbyggð
Borgarbraut 14
300 Borgarnes



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 2. maí 2017
UST201703-142/K.S.J.
10.04.02

Efni: Aðalskipulag Borgarbyggðar 2010 – 2022, tillaga að breytingu að Varmalandi

Vísað er til erindis umhverfis- og skipulagssviðs Borgarbyggðar er barst 15. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar að Varmalandi.

Skipulagssvæðið

Í ofangreindri tillögu kemur fram að 6404 m² svæði sem áður var lóð gamla húsmæðraskólans að Varmalandi, verður skv. tillögunni svæði fyrir verslun og þjónust, en þar er áætlaður hótélrekstur í framtíðinni.


Í ofangreindri tillögu er mikið fjallað um aukningu í ferðaþjónustu og þörf fyrir fleiri hótélrymi. Einnig kemur fram að að byggingarmagn á lóðinni komi til með að aukast. Ekki kemur fram hve mörg hótélrymi eru í gamla húsmæðraskólanum nú, né hver áætluð aukning er. Að mati stofnunarinnar ætti sú aukning að koma fram svo íbúar í grenndinni geti gert sér í hugarlund hver líkleg aukning á umferð um Varmalandsveg og Grenihlíð.


Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á að ekki er fjallað um fráveitu í ofangreindri aðalskipulagsbreytingu, og ítrekar að öll fráveita skal vera skv. reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999.

Umhverfisstofnun minnir á mikilvægi þess að allar framkvæmdir falli vel að umhverfinu.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur